



Gangnaseðill
Langanesbyggðar
2019

Með umburðarbréfi þessu, eru göngur álagðar á fjáreigendur í Langanesbyggð.

Skipulagi er ekkert breytt frá fyrra ári utan smávægilega tilfærslu á dagsetningum. Nú er líklegt að samsmölun náist við Þistla í Tunguselsheiði. Sem fyrr verður það á ábyrgð gangnaforingja að ákveða dagsetningar aðrar en þær sem nefndar eru í þessum gangnaseðli, og jafnframt að boða menn með hæfilegum fyrirvara ef breytingar verða og/eða tilkynna þeim um líkur á breytingum, ef þarf. Vel tókst til í fyrra að skipuleggja göngur í Bakkaheiði í samstarfi við Strandhafnarbændur og verður það gert áfram. Smalar í Miðfjarðarheiði, Þorvaldsstaðahálsnum og Staðarheiði fara víða og eru dagsetningar þeirra ákvarðaðar út frá því að þeir eigi möguleika á að sinna skyldum sínum.

Fjallskilagjald

Fjallskilagjald hækkar á milli ára um 45 kr á kind og miðast við að standa undir smalakostnaði. Hækkunin skýrist að mestu af því að nú eru notaður vorfjöldi en ekki haustfjöldi. Fjallskilagjald árið 2019 er kr 1.345 á vorkind. Fjártalan miðast við hausafjölda annað hvort í fjárvís að vori eða s.k. símtali. Sjálfsagt er að koma leiðréttingum á þeim tölum til Fjallskilastjóra.

Mat á kostnaði við göngur.

Gangnamat er óbreytt.

Um göngur

Brýnt er fyrir mönnum að standa vel að smalamenskum. Láta dagsverkin duga til að ljúka fjallskilum. Þá er minnt á að göngur eiga að vera skemmtilegar, og dagsverkið ánægulegt. Gætum að því að vera glaðværir við okkar störf og gjalda bros með brosi.

Framkvæmd gangna er á ábyrgð gangnaforingja í samstarfi við gangnamenn. Þeir boða menn til gangna þannig að fé skili sér til rétta á réttardag, að teknu tilliti til veðurs og annarra þátta sem áhrif hafa á hverjum tíma.

Gangnaforingjar hafa forgöngu um að tryggja aðbúnað gangnamanna í leitarskálum, sjá um að skipuleggja bílferðir þar sem það á við. Réttarstjórar ásamt gangnaforingjum sjá til þess að aðhöld og réttir séu tilbúin til notkunar. Ef réttarstjórar eru ekki sérstaklega tilgreindir þá eru það gangnaforingjar sem stýra réttarstörfum.

Réttarstjórar, bera ábyrgð á því fé sem kemur til rétta, og skulu tryggja góða meðferð þess.

Þá er enn ítrekað að gangnaforingjar hafi samráð sín á milli um samsmölun.

Eins og fyrr verða ekki um aðrar greiðslur að ræða fyrir eftirleitir en eru álagðar í gangnaseðli.

Dagsetningar í þessum seðli eru líkt og fyrr til viðmiðunar, gangnaforingjar skulu leitast við að halda þær, en þeir verða að taka ábyrgð á því hvenær haldið er til gangna út frá veðurskilyrðum og öðrum áhrifaþáttum. Sérstaklega mikilvægt er þó að gangnaforingar á samliggjandi svæðum standi við að mæta til samsmölunar. Ódagsettar göngur eru á valdi gangnaforingja að ákveða hvenær skuli haldið til, en ítrekað er að þeir skulu hafa fullnægjandi samráð við sína gangnamenn.

Samsmölun verður að vera um Vesturheiði, Austurheiði, Kverkártungu og síðan Saurbæjarheiði. Skulu gangnaforingar á þessum smalalöndum gera ráðstafanir þar að lútandi og miðla mönnum á milli eftir því sem best er.

Smölun Bakkaheiðar er í samstafi við bændur í Strandhöfn.

Forsmölun heiðamóta þarf að gerast í samráði við Pistla og helst einnig Vopnfirðinga.

Göngum er aldrei lokið fyrr en fé er komið til réttar í tryggt aðhald.

Öllum fjallskilum skal lokið 15. október.

Mælst er til þess að réttað verði eftirfarandi daga. Gangnaforingar taka ákvörðum um hvenær haldið skuli til gangna.

Miðfjarðarrétt . 19. september.

Miðfjarðarnessrétt 8. september

Tunguselsrétt 8. september

Þorvaldsstaðarétt 11. september

Ósrétt 9. og 15. september

Hallgilsstaðarétt 15. september

Réttarstjórar:

Tunguselsrétt – Marinó Jóhannsson

Miðfjarðarnessrétt- Krzysztof Krawczyk

Ósrétt – Ágúst Marinó Ágústsson

Hallgilsstaðarétt – Maríus Halldórsson

23. ágúst 2019

Fjallskilastjóri Langanesbyggðar.

Sigurður Þór Guðmundsson